

# Ársskýrsla fyrir árið 2009

## 1. Inngangur

Starfsemi embættis ríkissáttasemjara var um margt eftirminnileg árið 2009. Fyrst má nefna að mikill fjöldi kjarasamninga rann út snemma ársins og biðu endurnýjunar. Síðan er að nefna að gerð svokallaðs stöðugleikasáttmála var í nokkrum mæli unnin í húsakynnum sáttasemjara. Þrátt fyrir að samkomulag væri um tiltekin viðmið í kjaramálum var unnið að nokkrum fjölda kjarasamninga á árinu, oft hjá stéttarfélögum sem standa utan samkomulagsins um stöðugleika sem gert var 26. júní 2009. Þannig hefur árið verið tilbreytingaríkt.

## 2. Hlutverk ríkissáttasemjara

Hlutverk ríkissáttasemjara er samkvæmt lögum nr. 80/1938 með síðari breytingum, að annast sáttastörf í vinnudeilum launafólks og félaga þess annars vegar og atvinnurekenda og félaga þeirra hins vegar. Þessir aðilar eru gjarnan kallaðir einu nafni aðilar vinnumarkaðarins.

Aðilum vinnumarkaðarins er skylt að gera áætlun um skipulag viðræðna um endurnýjun kjarasamnings í síðasta lagi 10 vikum áður en samningar eru lausir. Reynist samningaviðræður aðila árangurslausar getur hvor aðili um sig eða þeir sameiginlega vísað deilunni til sáttasemjara. Sé málum vísað til sáttasemjara eða hann tekur stjórn viðræðna í sínar hendur að eigin frumkvæði, fer hann almennt með stjórn funda en getur einnig gert samningsaðilum að ræða mál frekar sín á milli án hans aðildar.

Ennfremur segir um skyldur ríkissáttasemjara að árangurslaus tilraun til að ná sáttum í viðræðum undir stjórn sáttasemjara er forsenda þess að heimilt sé að boða til vinnustöðvunar. Deilu sem stefnir í átök með vinnustöðvun, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim sem hún beinist að, með 7 sólarhringa fyrirvara. Sáttasemjari getur ekki frestað boðaðri vinnustöðvun en aðilum á almenna vinnumarkaðnum er það heimilt. Beri samningaumleitani sáttasemjara ekki árangur er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu að undangengnum viðræðum við deiluaðila.

Loks er þess að geta að sáttasemjari hefur víðtækar heimildir til gagnaöflunar um ástand og horfur í atvinnulífi og á vinnumarkaði sem og um þróun kjaramála um allt land. Ríkissáttasemjari skal ennfremur halda yfirlit um hvenær sáttafundir eru haldnir, hverjir sitja þá og um þau gögn sem fram eru lögð. Þá skal hann halda skrá yfir gildandi kjarasamninga og er aðilum að kjarasamningum skylt að senda honum afrit af öllum kjarasamningum, uppsögn kjarasamninga og kröfugerð.

## 3. Gerð kjarasamninga og stöðugleikasáttmála

Lætur nærri að í landinu séu í gildi rúmlega 300 samningar um kaup og kjör milli launþega og vinnuveitenda þeirra. Á síðari árum hefur færst í vöxt, að samningar séu gerðir í húsakynnum ríkissáttasemjara. Sjá meðfylgjandi; ***Kjarasamningar gerðir árið 2009 - Yfirlit yfir kjarasamninga einstakra félaga og sambanda.***

Á árinu 2009 lætur nærri að um 200 þeirra kjarasamninga sem eru í gildi hafi runnið úr gildi. Í kjölfar stöðugleikasáttmálans voru gerðir fjölmargir samningar. Taka þessir samningar einkum til aðila á almennum vinnumarkaði þ.e. aðildarfélaga ASÍ og SA. Í lok árs 2009 voru kjarasamningar ógerðir við öll félög BHM alls 26 að tölu. Ógerðir eru einnig samningar við félög innan Kennarasambands Íslands þar sem bæði fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og launanefnd sveitarfélaganna fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, eru viðsemjendur. Þá er þess að geta að samningar sem gerðir voru upp úr miðju ári 2009, svo sem við Landsamband sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanna og Landsamband lögreglumanna voru felldir.

Framan af ári fór fram vinna aðila vinnumarkaðarins að gerð svonefnds stöðugleikasáttmála. Sáttmálinn er samkomulag helstu landssambanda launafólks í landinu, Samtaka atvinnulífsins og ríkisvaldsins um röð aðgerða sem miða að því að efla atvinnustarfsemi í landinu og rétta efnahagslífið við eftir hrun fjármálakerfisins í október 2008. Gerð þess samkomulags lauk með undirritun þess 26. júní 2009. Í aðdraganda þessa fór fram mikil vinna í húsnaði ríkissáttasemjara jafnt í fámennum sem fjölmennum hópum. Samanber: ***Lausir kjarasamningar 2009.***

Allar kjaraviðræður í kjölfar stöðugleikasáttmálans hafa litast af þeim viðmiðum um kaup og kjör sem þar eru sett. Á þetta jöfnun höndum við kjarasamninga sem hafa verið gerðir með eða án aðildar sáttasemjara.

#### **4. Deilum vísað til ríkissáttasemjara**

Margar kjaradeilur leysast án aðildar sáttasemjara en öðrum er vísað til hans. Árið 2009 var 18 málum vísað með formlegum hætti til ríkissáttasemjara. Frá árinu 2008 voru 3 mál óleyst í upphafi ársins. Alls voru því 21 mál til meðferðar hjá sáttasemjara. Málin sem vísað var til sáttasemjara eru eins og fram kemur í hjálögðu yfirliti: ***Sáttamál 2009.*** 10 mál hafa verið leyst með samningum deiluaðila, 3 dregin til baka eða felld niður og 8 eru óleyst í lok árs 2009.

#### **5. Samningafundir í vísuðum og óvísuðum málum**

Hjá ríkissáttasemjara er haldið yfirlit um alla samningafundi sem fram fara í húsakynnum embættisins. Af augljósum ástæðum er álag mismikið eftir tímabilum og stöðu samninga hverju sinni. Á árinu 2009 voru alls haldnir 126 sáttafundir í málum sem vísað var og skráðir eru 372 fundir í málum sem leystust milli samningsaðila án aðildar sáttasemjara eða eru vegna gerðar stöðugleikasáttmálans. Fjöldi samninganefnda og einstaklinga kemur jafnan að gerð kjarasamninga. Ekki er haldið yfirlit um fjölda eða nöfn einstaklinga þar sem ekki reynir á aðild sáttasemjara.

Þess má geta að fundir til undirbúnings stöðugleikasáttmála voru iðulega fjölmennir. Loks má nefna að fjármálaráðuneytið fékk afnot af húsakynnum embættisins sumarið 2009 vegna samninga við erlenda aðila um endurreisn bankakerfisins.

## **6. Ný heimasíða ríkissáttasemjara**

Á árinu var opnuð ný heimasíða ríkissáttasemjara. Leitað var til fyrirtækisins Stefnu ehf. á Akureyri með grunnvinnu síðunnar en efnið sem á síðunni birtist er unnið á heimavelli. Við gerð síðunnar var leitast við að gera efnið í senn upplýsandi fyrir þá sem eiga í samskiptum við embættið og auka rafræn samskipti þar sem við verður komið. Þannig er nú mögulegt að vísa kjaradeilu til úrlausnar með rafrænum hætti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Nokkur vinna hefur verið lögð í að setja fram á einfaldan hátt upplýsingar um hlutverk sáttasemjaraembættisins en því er ítarlega lýst í lögum nr. 80/1938 með síðari breytingum. Þá er settur fram listi og skýringar yfir helstu hugtök sem algengust eru í kjarasamningum og við gerð þeirra. Loks er létt undir með þeim, sem leita eftir tilteknum upplýsingum og jafnan hafa verið veittar. Tekur þetta til fjölda mála sem vísað er til ríkissáttasemjara, fjöldi kjarasamninga sem gerðir eru og sitthvað fleira sem skylt er að veita upplýsingar um.

## **7. Starfsmannahald og rekstur**

Á launaskrá hjá embætti ríkissáttasemjara árið 2009 var auk ríkissáttasemjara, Elísabet S. Ólafsdóttir, skrifstofustjóri. Heildarútgjöld hjá embættinu námu tæpum 55 m. kr. og eru innan heimilda fjárlaga.

Hjálagt:

**Sáttamál 2009.**

**Lausir kjarasamninga árið 2009.**

**Kjarasamningar gerðir 2009 -Yfirlit yfir kjarasamninga einstakra félaga og sambanda.**